

Presthús, Akranesi Framkvæmdavöktun



Lilja Björk Pálsdóttir



**FS415-08261
2009**


Forsíðumyndin sýnir vélgröft við bæjarhólinn.

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Sniðteikning og lageiningaskrá	3
Inngangur	5
Presthús	5
Aðstæður og aðferðir.....	6
Niðurstöður.....	6
Heimildir	7



Sniðteikning og lageiningaskrá





Inngangur

Orkuveita Reykjavíkur og Ístak vinna nú að endurnýjun lagna á Akranesi með tilheyrandi skurðgrefti. Á hluta fyrirhugaðs lagnasvæðis eru þekktar fornleifar sem Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson hjá Fornleifastofnun Íslands skráðu¹ og því fór Fornleifavernd ríkisins (FVR) fram á að fornleifafræðingur fylgdist með vélgrefti framhjá fornleifunum. Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) sá um vöktun að beiðni framkvæmdaaðila. Lilja Björk Pálsdóttir sá um verkið fyrir hönd FSÍ auk þess sem Oddgeir Hansson, FSÍ, aðstoðaði við sniðteikningu og stóð vakt í einn dag. Í janúar fór svo fram gröfuvakt vegna framkvæmdanna.

Presthús

Presthúsabær var hjáleiga frá Görðum sem voru höfuðból á 12.öld.² Ekki er vitað hvenær byrjað var að búa á Presthúsum en þar var búseta fram til aldamótanna 1900. Bærinn er nefndur í Jarðabókinni³ 1706 svo hægt er að rekja nafnið aftur til þess tíma. Í skráningarskýrslu er hólnum lýst svo:

Hóllinn stendur við vesturenda Kalmansvíkur. Farið er eftir Ægisbraut í norðvestur, út á enda og gengið í ASA, um 300 m. Grasi vaxinn hóll sem stendur í útjaðri byggðar og út á sjávarbakkannum. Rof er í bakkann. Allur vesturhluti túnsins, þ.e. túnið vestan og sunnan Presthúsabæjar, er horfinn undir nýbyggingar. Austurendi túnsins nær út að sjó yst í Kalmansvík og er það enn autt svæði. Göngustígur er þvert yfir hóllinn og lítilsháttar rof þar í.⁴



Mynd 4 Upphaf vélgraftar við bæjarhólinn.

¹ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson.

² Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. Bls. 11.

³ Árni Magnússon og Páll Vídalín. Bls. 84-85.

⁴ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. Bls. 25.

Aðstæður og aðferðir

Mikið landbrot hefur átt sér stað við Kalmansvík þar sem bæjarhóllinn að Presthúsum stendur og hefur brotnað úr hólnum í gegnum tíðina. Á síðari tímum hefur hinsvegar verið gerður varnargarður úr grjóti meðfram ströndinni sem ver bæjarhóllinn fyrir frekara landbroti. Milli varnargarðs og bæjarhóls hefur verið lagður malarvegur/stígur en svæðið er skilgreint sem útivistarsvæði. Var fyrirhugað að lagnaskurðurinn yrði grafinn í malarstíginn. Ekki var vitað hvort fornleifar leyndust undir stígnum og var því vöktun á meðan vélgrafið var eftir hólnum endilöngum. Þegar malarfyllingin hafði verið fjarlægð niður að klöpp var snið bæjarhólsins handhreinsað og að lokum teiknað. Sniðhælar voru mældir inn af mælingamanni Ístaks.

Niðurstöður


Fyrirnefndur varnargarður og malarstígur voru gerðir nýlega þ.e. eftir 1998 þegar fornleifaskráning fór fram og hefur garðurinn varnað því að meira hafi brotnað af bæjarhólnum. Malarstígurinn reyndist nægilega breiður fyrir lagnaskurðinn og því þurfti ekki að hrófla við fornleifunum sjálfum við framkvæmdina nú.



Mynd 5 Hér sést þegar verið var að fjarlægja malarstíginn.

Byrjað var á að fjarlægja malarfyllingu sem lá upp að minjunum. Þar sem endanleg dýpt lagnaskurðsins er um þrjár metrar var ákveðið að byrja á að vélgrafa niður um einn metra frá yfirborði malarstígs. Þannig var hægt að handhreinsa frá minjunum og teikna snið bæjarhólsins án vandræða. Stutt var niður á klöpp og reyndist þykkt mannvistarlaganna hvergi vera meiri en einn metri eins og sjá má á sniðteikningu (mynd 1).

Í sniði sást ýmis ruslalög auk torf- og grjóthruns. Niðurgröftur [015] var greinilegur á einum stað og var hann fylltur móösku. Niðurgröfturinn er utanvið hólinn sjálfan og er hugsanlegt að um einhverskonar frárennsliskurð sé að ræða.



Mynd 2 Sniðteikning af niðurgröfti [015].

Þá var dæld sem í voru ýmis ruslalög [009] og er hugsanlegt að um sé að ræða tóft sem í hefur verið varpað rusli eftir að hún féll úr notkun. Engin greinileg gólfög var að sjá eða gjóskulög og engir gripir komu í ljós. Mikið af því grjóti sem sjá mátti í sniðinu virtist úr lagi gengið.

Þar sem langvarandi landbrot hefur átt sér stað þarna er líklegt að það sem sést í sniði sé mikið til hreyfð mannvistarlag þar sem hleðslur og jarðvegur fellur fram í rofið. Bæjarhóllinn er mun hærri austan við sniðið og þar er að vænta meiri og heillegri minja en sjást í sniðinu.

Heimildir

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. (1999). *Akranes. Fornleifaskrá. FS066-97052*
Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.*

Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1913.

